

VATNAMÆLINGAR  
11. SKILAGREIN 1950  
- fiumni -

Admugt  
10/3 '50  
J.W. Jónasson

A U S T U R L A N D

Vetrarmælingar 1950.

Undirritaður (Sigurjón Rist) kom til Breiðalsvíkur  
22. mars '50 með varðbátnum Ööni.

BREIÐDALSÁ.

Vhm hjá Beljanda var 6 m frá ánni. Framan við hann  
var sand- og malareyri. Gæslumaðurinn, Jón Gíslason, Brekkuborg,  
hefur mælt nú lengi frá brún á steini þar skammt frá og  
umreiknað álesturinn inn á skala mælisins. Jón hefur gefist  
upp við að halda rás opinni að mælinum, enda er mælirinn á  
mjög óheppilegum stað.

Frá Brekkuborg að Beljanda er längt leið til álesturs,  
nokkuð á annan kilometir.

Breiðalsá rennur fyrir neðan túnið að Brekkuborg og  
þar er þriggja metra hátt klapparhorn, sem skagar út í ána, -  
idealstaður fyrir vh. Klöpp er í botni árinnar. Bezt er að  
hafa parna aðalvatnshæðarmælinn tveggja metra langan og á  
fossbrún Beljanda er rétt að koma fyrir aukamæli (80 cm), til  
að mæla lágt vetrarrennsli, þegar ístruflun á sér stað við  
aðalmæli. Meðan ég dvaldi í Breiðdalnum gekk á með suðaustan  
rigningu og fimm stiga hita. Vatnsborðið fór hækandi og  
varð álesturinn 70 cm ég gizka á að vatnsmagnið hafi þá verið  
af stærðargráðum,  $10 \text{ m}^3/\text{sek}$  eða um  $70 \text{ l}/\text{sek. km}^2$ . Ástæðulaust  
er að mæla rennslið fyrr en vhm er kominn í lag.

I heildaryfirlitinu hér á eftir ræði ég nánar um Breiðalsá.

GRÍMSÁ, 24 marz '50.

Fór á skíðum yfir Breiðdalsheiði og norður Suðurdalinn í Skriðdal.

Skriðuvatn, sem er  $1.4 \text{ km}^2$  að stærð, er mikilsvirði til miðlunar á vatnsmagni Múlaár, sem fellur í Grímsá. Úrkomusvæði Skriðuvatns er  $108 \text{ km}^2$ . Þetta er úrkomusamasta svæði Grímsárs. Það er opið fyrir suðaustan áttinni bæði um Berufjörð og Breiðdal. Suðaustan áttin er úrkomusamasta áttin, en það sem er þó mest um vert, er að henni fylgja hlýindi, svo að þarna rignir oft um hávetur.

Stíflustæði við Skriðuvatn er slæmt. Þar, sem Múlaár fellur úr því, eru lausar eyrar, sem eru framburður Vatnsdalsárs. Niður að Haugahólum er um eins meters fall (ágizkun, gerði enga mælingu). Við suðvestur horn hólanna eru helztu tök á að stífla vatnið upp. Botn árinnar er að vísu laus, en þakinn stærri steinum en upp við vatnið. Að vestan gengur fláandi skriða úr fjalllinu niður í ána, en að austan er lágor og skörðöttur hólarani, svo að þarna er hvergi nærri gott stíflustæði. Stíflan yrði mjög löng ef hækka ætti vatnsborðið yfir þrjá metra frá núverandi stöðu. Það er auðgert að gráfa ósinn niður. Sunnan við Skriðuvatn er mikið flatlendi svo að vatnsflöturinn ykist nokkuð við þriggja metra hækjun. Rúmtak geymisins yrði um 8 millj.  $\text{m}^3$  eða sem svarar 5% af ársrennslinu um Skriðuvatn svo auðgert er að hafa lónið fullt í byrjun miðlunartímabilsins.

Ekki gaf ég mér tíma til að skreppa inn að Ódáðsvötnum til að athuga um aðstöðu þar til miðlunar. Stærð vatnanna er  $2,5 \text{ km}^2$  og á úrkomusvæði þeirra mun falla til um 20 millj.  $\text{m}^3$  á ári, samkvæmt því má álíta að með 6 m hækjun vatnsborðsins megi geyma allt vatn, sem fellur til á milli miðlunartímabila. Upplýsingar þær, sem ég fékk hjá bændum í Skriðdal, um þessi vötn, voru

mjög sundurleitar, svo að á þeim er varla mark takandi, þó hnigu þær fremur í þá átt að flatt muni vera við ósinn, þar sem Öxará rennur úr vötnunum.

Nokkur leysing var á láglendi Suðurdalsins og rignings-skúrir í dalbotninum. Suðaustan áttin, sem nefnd er hér að framan í þættinum um Breiðdalsá, var alls ráðandi í botni Suðurdalsins, en út á Héraði var hreinviðri með vestlægrar áttar með nætfrostum.

Vatnsmagn Grímsár hjá vatnshæðamælinum við Grímsárfoss var 12-15  $\text{m}^3/\text{sek}$ . Gæzla mælisins er frá Grófargerði ef gæzla skildi kölluð - því að mælirinn var illilega vaphirtur.

Fyrir neðan Stóra-Sandfell valdi ég stað fyrir vhm, sem setja verður upp í sumar.

Það væri mikilsvirði að hafa dægurmíðun hjá Grímsárfossi, ef til virkjunar kemur þar. Um 250 og 500 m ofan við Grímsárfoss eru klettaþöft, sem Eldköst nefnast, ofan við það efra er árin hallalítill og ef til vill hægt að fá nokkurt lón með 4-5 m stíflu yfir venjulegt vatnsborð. Það má ætla að síðar meir yrði vart ráðlegt að leggja í kostnað við miðlun í Skriðuvatni, ef miðlun sú færi aðeins í að elta álagstopp og færi þá forgörðum mestan hluta sôlarhringsins. Vík að Grímsá í heildaryfirlitinu.

#### MIÐHÚSAÁ

Mældi Miðhúsá 24. mars hjá Steinholti. Vatnsmagnið reyndist 125 l/sek á sama tíma var rennslið 40 l/sek ofan við Fardagafoss. Í hlíðinni ofan við Steinholt var sôlbráð á daginn, en frost um nætur, á því svæði var rennslið 21 l/sek pr.  $\text{km}^2$ .

Ofan við Fardagafoss hafði ekki klökknað síðan í janúar, þar var rennslið 2,9 l/sek pr.  $\text{km}^2$ .

Veðurlýsing gæzlumannsins, Ingva Friðrikssonar, Steinholti.

Veðurathugun gerð kl. 10 að morgni.

1.	jan.	S.A.	5	5°	skúrir
2.	"		0	-1°	élf
3.	"	A.	2	-1°	
4.	"	A.	7	-1°	élf
5.	"	A.	8	0°	slidda
6.	"	A.	9	-2°	snjókoma
7.	"	A.	2	-3°	
8.	"	A.	7	-1°	snjókoma
9.	"	A.	8	0°	élf
10.	"	S.	1	0°	
11.	"	S.A.	2	1°	
12.	"	S.A.	4	3°	skúrir
13.	"	A.	4	3°	skúrir
14.	"	N.A.	3	0°	slidduél
15.	"	N.A.	4	1°	slidduél
16.	"		0	1°	
17.	"	S.V.	4	-1°	
18.	"	S.	3	3°	
19.	"		S.4.	5°	
20.	"		S.	5	6°
21.	"		S.	3	20°
22.	"	S.A.	6	5°	skúrir
23.	"	S.V.	2	-2°	
24.	"	V.	3	-3°	
25.	"	S.V.	4	-2°	
26.	"	S.A.	7	4°	skúrir
27.	"	S.A.	10	4°	rigning
28.	"	S.A.	6	5°	rigning
29.	"	S.A.	9	5°	rigning
30.	"	S.A.	7	3°	rigning
31.	"	S.A.	3	4°	skúrir
1.	febr.	S.A.	5	3°	slidda
2.	"	S.A.	3	3°	skúrir
3.	"	A.	6	3°	slidda
4.	"	S.	2	2°	rigning
5.	"	S.	1	-2°	
6.	"		0	-3°	
7.	"	N.A.	3	-3°	
8.	"	A.	5	3°	skúrir
9.	"	N.A.	4	1°	slidda
10.	"	N.A.	4	1°	slidda
11.	"	N.A.	3	-4°	élf
12.	"	N.A.	2	-6°	élf
13.	"		0	-6°	
14.	"	N.A.	2	-4°	
15.	"	A.	6	0°	snjókoma
16.	"	A.	5	0°	snjókoma
17.	"	S.V.	2	-2°	
18.	"		S.	1	-9°
19.	"		0	-10°	
20.	"		0	-9°	
21.	"	N.V.	6	-4°	
22.	"	N.	2	-10°	
23.	"		0	-13°	
24.	"		0.	-14°	
25.	"	N.V.	1	-10°	

26.	febr.	S.	2	-7°
27.	"	N.V.	1	-2°
28.	"	S.	3	5°
1.	marz	S.V.	3	4°
2.	"	S.V.	2	2°
3.	"	V.	2	-3°
4.	"	S.V.	4	-2°
5.	"	S.V.	7	-3°
6.	"	V.	6	-3°
7.	"	S.A.	5	-2°
8.	"	A.	2	3°
9.	"	S.	1	3°
10.	"	S.V.	2	3°
11.	"	N.	5	-4°
12.	"	N.	2	-5°
13.	"	N.A.	4	-5°
14.	"	V.	3	-5°
15.	"		0	-5°
16.	"		0	-2°
17.	"	N.A.	7	-3°
18.	"	N.A.	2	-2°
19.	"		0	-2°
20.	"	S.A.	2	0°
21.	"		0	0°
22.	"	S.	3	4°
23.	"	S.V.	3	4°
24.	"	S.V.	2	5°
25.	"	S.V.	3	3°
				naturfr. naturfr. smáskúrir naturfrost él él él snjókoma naturfrost naturfrost, sólbráð naturfrost, sólbráð naturfrost, sólbráð

### RANGÁ

Mældi rennsli Rangár 25. marz undan Valabjörgum. Vatnsmagnið reyndist 75 l/sek eða aðeins 1.4 l/sek pr. km<sup>2</sup>. Þar fyrir ofan hafði engin leysing átt sér stað um lengri tíma, sjá veðurlýsingu Miðhúsaár. Af völdum sólbráðs var nokkurt vatn í Rangá neðan við Bótarlæk, á að gizka 2-3 m<sup>3</sup>/sek, en ekki gjörlegt að mæla það, þar sem áin rann ofan á ís og milli íslaga.

### FJARDARA, SEYÐISFIRÐI

Sé 2° lagðar við skráðan hita að Steinholti verður veðurlýsing þar nær samhljóða veðurlýsingu gæzlumanna rafstöðvarinnar í Seyðisfirði.

Nú í veturnar varð vatnsskortur hjá rafstöðinni í Seyðisfirði þann 26. febrúar. Þá var gripið til forðans í Heiðavatni og miðlað þaðan 150 l/sek, en áður runnu úr því 30 l/sek. Nú mánuði

síðar, eða 25. marz, runnu úr því 130 l/sek. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í fyrra (veturinn '48-'49) var miðlun hafin 18. febr. og 25. marz '49 var miðlað þaðan 300 l/sek. Af þessum samanburði sést, að veturinn í veturn hefur verið hagstæður. Nú er eytt 170 l/sek minna úr heiðarvatni en á sama tíma í fyrra. Ástæðan fyrir þessum mun, er sú að nú fellur meira vatn til á úrkamusvæði Fjarðarár neðan við Efri-Staf.

#### HVAMMSÁ, VORNAFIRÐI.

Mældi Hvammsá hjá brúnni 27. marz. Þá var heiðskírt veður og um hádaginn klökknaði mótt söl. önnur leysing var ekki. Þannig hafði það verið undanfarna daga og kul um nætur.

Áin var alþiljuð, en ísinn virtist ekki hindra rennslið við vhm, álestur var 18 cm.

Vatnsmagnið var  $0,45 \text{ m}^3/\text{sek}$  eða  $5,6 \text{ l/sek pr. km}^2$

Vatnshitiinn var  $0,40^\circ\text{C}$ .

#### SELÁ í SELARDAL.

Selá mæld undan Hrðaldsstöðum 27. marz. Um veðurlýsingu hjá Hvammsá.

Áin alþiljuð nema í skörpustu kaststrengjum. Vatnsmagnið var  $5,2 \text{ m}^3/\text{sek}$  eða  $7,9 \text{ l/sek pr. km}^2$ .

Vatnshiti  $0,07^\circ\text{C}$ .

#### SELÁ hjá REFSTAÐ.

Mældi Selá kl. 11-12 þann 28. marz í gilinu nokkuð fyrir ofan Refstað. Veður: S.V.2  $5^\circ$ . Vatnsmagnið var 100 l/sek eða  $7,7 \text{ l/sek pr. km}^2$ . Vatnshiti  $1,3^\circ\text{C}$ . Hlákan mun hafa drýgt ána nokkuð.

#### SUNNUDALSÁ.

Mældi Sunnudalsá milli bæjanna Sunnudals og Síreksstaða kl. 16-18 þann 28. marz. Um veðurlýsingu sjá Selá hjá Refstað.

Ain var ísilögð líkt og Selá í Selárdal. Vatnsmagn  $1,3 \text{ m}^3/\text{sek}$  eða  $6,5 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$ . Vatnshiti  $0,1^\circ\text{C}$ . Tel að vatnsmagnið hafi aukist nálægt  $200 \text{ l/sek}$  vegna hlákunnar, en þá svarar til að rennslið hafi verið  $5,5 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$  daginn áður, eða þegar rennslið var  $7,9 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$  í Selárdalnum.

### HEILDARYFIRLIT.

Skýrslan hér að framan ber það með sér, að þá daga, sem athugunin fór fram á Austurlandi, var mikill munur á afrennsli láglendisins og þeirra svæða, sem lágu hátt. Á Fjarðarheiðinni var rennslið t.d.  $2,9 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$  og Fljótsdalsheiði  $1,4 \text{ l/sek}$ . En aftur á móti í Breiðdalnum um  $70 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$ , 25 á Grímsárvæðinu og 21 á úrkamusvæði Miðhúsaár neðan Fardagafoss. Hvað veldur þessum mikla mun? Þetta er sjálfssögð spurning, ekki sízt þegar þess er gátt, að munurinn gengur í öfuga átt við það, sem vænta mætti, þar sem úrkoman er meiri á fjöllum en á láglendi. Úrkumumælingar í Noregi, að því er virðist við lík skilyrði og eru á Austurlandi, benda til að heildarúrkoma ársins aukist um  $1,5-2 \text{ mm}$  við meters hækkun lands.

Svara má spurningunni þannig:

1. Á hálendi fellur úrkoma vetrarins, sem snjör og geymist þannig til vors, en aftur á móti á láglendi og fjallshlíðum, innan við  $200 - 300 \text{ m}$  hæðar, rignir og leysir af og til á vetrum, sem veldur þá vatnavöxtum og alltaf töluverðu rennsli.

Nú hagaði þannig til að markalínan milli hins auða og vatnssössa lands annars vegnar og hjarnbreiðurnar hins vegar var í  $300-350 \text{ m}$  hæð í Breiðdal. Í Skriðdal (Suðurdal)  $150-250 \text{ m}$  hæð. Á Fljótsdalshéraði um Egilsstaði í  $150-200 \text{ m}$  hæð austan Lagarfljóts en  $50-100 \text{ m}$  neðar vestan fljótsins. Í Vopnafirði var snælinan ekki eins glögg og á Fljótsdalshéraði. Þar voru dalirnir aðeins auðir undir  $50 \text{ m}$  hæð og yfir  $200 \text{ m}$  hæð var

allt hulið þykkum gaddi. Snjör er mikill og jafnt fallinn á fjöllum austanlands.

2. Sólbráð. Dagana 23. - 25. mars s.l. var sólbráð austanlands. Þótt sólar nytí ekki síður á fjöllum uppi en niður á láglendi, og fjallshlíðum, þá varð raunin sú, að ofan að 200-300 m hæð jökst rennslið ekki af völdum sólbráðs. Þar klökknaði að vísu á móti sól um hádaginn, efsta snjólagið varð blautt, en hljóp svo jafnharðan í klaka aftur um nætur. Undir þessari klakaskán var þurr og laus snjör. Niður í fjallshlíðunum voru fannirnar gegnvotar og undan þeim seitluðu lækir. Sólbráðið virtist örast þar sem urðarhryggir og klettastallar voru, þá þegar komnir upp úr snjónum.
3. Lindir á fjöllum uppi, nú síðla vetrar, viða þrotnar með öllu (mjög djúpt á jarðvatnið), en úr lindum og dýjum í miðjum fjallshlíðum sígur vatn allt árið.

Fyrsta svarið er þess vert að því sé frekari gaumur gefinn, og ætlunin er að við Hlynur Sigtryggsson, veðurfr., vinnum úr skýrslum Veðurstofunnar, þegar tími og tækifæri gefst, og athugum, hve oft á tímabilinu nóv.-marz ár hvert leysing er undir 50 m hæð, 100 m hæð o.s.frv. á hinum ýmsu stöðum austanlands. Þá verður ef til vill hægt að setja niðurstöðuna fram með langaislínuriti, þar sem dagafjöldinn er abcissa og hæð í metrum yfir sjávarmáli, sem ordinat.

Reykjavík, 18. apríl 1950,

Sigur. Rist